135 15. nóv. Athugasemdir: 1. Andvanafædd börn kallast þau, er koma í heiminn eptir 28. meðgönguviku, annaðhvort dauð eða svo, að ekki tekst að lífga þau.
2. Um fóstur, sem fæðast fyrir lok 28. meðgönguviku, þarf eigi að senda presti neina skýrslu.

yfirsetuhjeraði í sýslu dag mán. 18

136 30. nóv.

Auglýsing

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt þessar breytingar á auglýsingu 3. maí 1872, 2., 7. og 8. gr.;

1, að póstafgreiðslan á Eyðum sje lögð niður og færð að Kollstöðum í Vallnahrepp, og skuli aðalpóstarnir, bæði frá Akureyri og Prestsbakka, látnir halda þangað;
2, að aukapóstur fari frá Kollstöðum til Eskifjarðar, undir eins og aðalpóstarnir eru þangað komnir, en aptur sje aukapóstleiðin milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar lögð niður;
3, að brjefhirðing sje sett á Arnkellsstöðum í Skriðdal;
4, að brjefhirðingin á Fossvöllum sje færð að Hofteigi í Jökuldal;
5, að póstafgreiðslan á Melum sje færð að Stað í Hrútafirði;
6, að aukapóstur sá, er fer frá Hjarðarholti í Dölum út í Stykkishólm og þaðan um Snæfells- og Hnappadalssýslu og vestur í Stykkishólm aptur, leggi leið sína kringum Snæfellsjökul og komi við í Ólafsvík og á Ingjaldshóli, og að sett sje brjefhirðing í Ólafsvík; og loks
7, að Barðastrandarsýslupóstur fari um á Vatneyri við Patreksfjörð á leiðinni frá Brjámslæk að Bíldudal, en haldi þaðan aptur beina leið suður að Brjámslæk; og sje sett brjefhirðing á Vatneyri.

Þessar breytingar öðlast gildi 1. janúar 1878.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, 30. nóvbr. 1872.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

137 30. nóv.

Áætlun

um 3 fyrstu ferðir landpóstanna árið 1878.

Með því að ferða-áætlunin fyrir póstgufuskipin árið 1878 eptir brjefi 10. þ. m. frá yfirstjórn hinna dönsku póstmála er eigi send mjer enn, heldur er mjer að eins skýr frá, að fastráðið sje, að láta póstskipið byrja fyrstu ferðina frá Kaupmannahöfn 1. marz 1878, og leggja af stað frá Reykjavík aptur 23. s. m., og með því að nauðsynlegt er, að koma ferðaáætlun landpóstanna í sem nánast samband við ferðaáætlun póstgufuskipanna, verður aðal-ferðaáætlun landpóstanna árið 1878 eigi til búin, fyr en jeg fæ póstskipaferðaáætlunina, í lok marzmánaðar árið sem kemur.

Aptur á móti er hjer með svo fyrir mælt, að *þrem fyrstu ferðum landpóstanna 1878* skal hagað samkvæmt ferðaáætlun þeirri handa landpóstunum, er birt var 30. nóvember 1876, um árið, sem nú er að líða, og skulu því landpóstarnir leggja af stað frá enda-